

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps 15. Ágúst á Kirkjubæjarstofu kl 13:00.

Mættir eru: Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson varaformaður og Ágúst Leó Sveinsson sem jafnframt ritar fundargerð.

### **Dagskrá:**

**1. Fjarðargljúfur:** Þar er komið upp klósett og það er til fyrirmyndar fyrir aðra áfangastaði.

Jafnvel spurning hvort klósettaðstaðan dragi að fleiri ferðamenn í gljúfrið vegna þess að aðstaðan sé til staðar.

Til að halda þessari aðstöðu í góðu ásigkomulagi þarf að þrifa hana og alltaf þessi spurning hver á að þrifa þar og hver á að greiða fyrir þjónustuna. Ein hugmynd sem kom upp var að tala við

Ferðapjónustuna á Hunkubökkum og t.d. leyfa þeim að setja upp auglýsingu hjá/á klósettin ef þau sjá um að þrifa og þá fær enginn annar að auglýsa.

Önnur hugmynd var að skoða hvort umhverfisstofnum myndi taka þátt í kostnaðnum á þrifum á salernum þar sem Fjarðargljúfur er á náttúruminjaskrá.

Á fundinum kom fram að það þyrfti að fjölga þessum klósett aðstöðum á okkar svæði og leggjum við til að Eldhraun og Dverghamrar væru staðir sem þyrftu að ganga fyrir ef ráðist væri í verkið

Það væri vert að kanna hvort einhverjir ferðapjónustuaðilar vildu láta benda á sig í bæklingum um að salernisaðstaða sé á staðnum, þá myndu þeir aðilar geta til dæmis selt veitingar eða minjagrip.

Leggjum við til að þetta væri verk fyrir klasaverkefnið Visit Klaustur að skoða.

**2. Ástand vinsælla ferðamannaþaða í sveitarfélaginu:** Það þarf að gera átak í merkingum í sveitarfélaginu. Bæði til þess að benda fólki á að á vissum stöðum gæti leynst hætta í náttúrunni og einnig merkingar um að ekki sé leyfilegt að tjalda hvar sem er.

**3. Sorpmál:** Við mælumst til þess að ýtt verði við Ísl. Gámafélaginu um að bæta merkingar á sorptunnum, eins með merkingar á gámasvæðinu.

Athuga hvort til séu bæklingar um þriggja flokka kerfi og dreifa á heimilin til þess að fólk geti rifjað upp flokkunarkerfin, ódýrara er fyrir sveitarfélagið ef að íbúar flokki sorpið vel.

Hafa dagatalið um sorphirðu í sveitarfélaginu sýnilegt íbúum og stoppa þannig vangaveltur og slæmt umtal um sorphirðu.

Við mælum með því að sveitarfélagið standi fyrir átaki í förgun á brotajárni. Hingað til hefur sveitarfélagið greitt kostnaðin af því að fá brotajárnsgám heim til íbúa og mælumst við til að sveitarfélagið auglýsi þessa þjónustu fyrir íbúa.

**4. Ágengar tegundir:** Nefndin vill hvetja til þess að átak verði gert í að eyða skógarkerfil sem er farinn að dreifa sér innanbæjar á Kirkjubæjarklaustri. Hann er minniháttar vandamál í þéttbýlinu eins og er en hann dreifir sér hratt ef ekkert er gert til þess að reyna stoppa hann.

Við leggjum til að það verði eitruð fyrir honum. Þetta má vera ábending til íbúa um að láta hann ekki taka yfir í þéttbýlinu.

**5. Starfmannastefna og erindisbréf:** Í erindisbréfinu er ýmist talað um „umhverfisnefnd“ eða „náttúruverndarnefnd“. Við leggjum til orðalagsbreytingu í skjalinu og nefndin verði allsstaðar titluð umhverfis- og náttúruverndarnefnd.

Við fögnum því að sveitarfélagið geri starfsmannastefnu en bendum á að horft sé til fleiri en eins sveitarfélags til hliðsjónar þegar ný starfsmannastefna er gerð, þannig kalla fram það besta fyrir okkar samfélag.

**6. Önnur mál** voru engin.

Fundi slitið 15:20